



Ályktun um jafnréttismál

Þing Starfsgreinasambands Íslands leggur áherslu á að ólíðandi er að kynbundinn launamunur viðgangist á íslenskum vinnumarkaði.

Eitt af markmiðum verkalýðshreyfingarinnar er að vinna bug á kynbundnum launamun og tryggja jafna möguleika karla og kvenna til starfa, starfsþróunar og launa.

Í kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar og SA í febrúar 2008 ákváðu samningsaðilar að vinna í sameiningu að gerð jafnlaunastaðals sem á að vera öflugt verkfæri fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja tryggja starfsmönnum sínum sömu laun fyrir sömu og jafn verðmæt störf

Þing Starfsgreinasambandsins fagnar því að vinnu við gerð jafnlaunastaðals sé að ljúka. Þingið telur að ef vel er á málum haldið innan fyrirtækja geti staðallinn verið öflugt tæki til að útrýma kynbundnum launamun og tryggja konum og körlum jafna möguleika til starfa og starfsþróunar.